


# FUNAFRÉTTIR



Rósa Hreinsdóttir  
Halldórsstöðum

2. TÖLUBLAD  
3. ÁRGANGUR  
JÚNÍ 1998

## Nokkur atriði frá barna og unglingsaráði.


Starfið hefur verið fremur daust í vetur. Einn fundur var haldinn 6 apríl og það komu 19 krakkar á hann. Þar var kynnt fyrirhugað starf sumarsins, reiðnámskeið og ferðir.

Reiðnámskeiðin verða ekki í júní eins og við ætluðum, heldur í ágúst. Jónstein og Biggi í Teigi hafa verið að segja til þeim krökkum sem ætla að keppa á gæðingamótinu, (úrtöku fyrir landsmót). Það námskeið var ekki auglýst á dreifimiða heldur var reynt að hringja í alla krakkana í féluginu, en ekki náðist þó að láta alla vita. Hestaferðin verður farin eins og um var talað, en ferðaáætlun er ekki fullfrágengin. Ferðin verður auglýst með fundi og dreifimiða þegar nær dregur.

Félagsmenn sem hafa lánað okkur hesta og reiðver á byrjandanámskeiðin mættu gjarnan hugsa vel til okkar í ágúst, því án ykkar væri þetta ekki framkvæmanlegt.

Að lokum vonum við að félagsstarfið verði blómlegra seinnipartinn á árinu.

Kveðja Dilla, Bjarni, Jónstein, Hákon og Hörður.



## Íþróttamót Funa 1998.

Íþróttamótið var haldið á sumardaginn fyrsta í heldur hryssingslegu veðri en þáttaka var ágæt engu að síður. Dómarar voru Guðjón R. Guðjónsson, Aldís Björnsdóttir og Baldvin Ari Guðlaugsson. Úrslit voru eftirsarandi:

### Fjórgangur barna:

- |  |             |
|--|-------------|
| 1. Þorgils Magnússon á Sóma 7 vetra brúnum                 | 25,67 stig. |
| 2. Anna Sonja Ágústsdóttir á Pontu 7 vetra brúnstjörnóttir | 20,13 stig. |
| 3. Hafþór M. Sólmundsson á Molly 9 vetra brúnni            | 19,12 stig. |

### Fjórgangur unglings:

- |   |             |
|---|-------------|
| 1. Erna Sigurgeirs dóttir á Sleggju 8 vetra grárri      | 36,34 stig. |
| 2. Sindri Páll Bjarnason á Stormi 5 vetra rauðblesóttum | 31,10 stig. |
| 3. Silja Valdemarsdóttir á Gunnu 9 vetra brúnni         | 25,17 stig. |
| 4. Halldóra Magnúsdóttir á Magna 8 vetra rauðblesóttum  | 24,66 stig. |
| 5. Elva Daviðsdóttir á Drottningu 11 vetra rauðri       | 23,15 stig. |

### Fjórgangur ungmenna:

- |  |             |
|--|-------------|
| 1. Þórhallur Þorvaldsson á Indjána 12 vetra rauðskjóttum | 39,26 stig. |
| 2. Hákon B. Harðarson á Dirfsku 6 vetra brúnni           | 25,27 stig. |

### Fjórgangur fullorðinna:

- |  |             |
|--|-------------|
| 1. Þór Jónsteinsson á Gullinstjörnu 10 vetra brúnni    | 50,79 stig. |
| 2. Jónsteinn Aðalsteinsson á Þyt 9 vetra rauðblesóttum | 45,85 stig. |
| 3. Birgir Stefánsson á Fleyg 8 vetra rauðblesóttum     | 44,39 stig. |
| 4. Stefán Agnarsson á Skagfirðingi 6 vetra brúnum      | 43,64 stig. |
| 5. Sverrir Reynisson á Hreyfingu 6 vetra brúnni        | 42,23 stig. |

### Fimmgangur fullorðinna:

- |  |             |
|--|-------------|
| 1. Birgir Stefánsson á Orku 13 vetra rauðblesóttir   | 51,73 stig. |
| 2. Stefán Agnarsson á Gæa 8 vetra rauðum             | 51,47 stig. |
| 3. Jónsteinn Aðalsteinsson á Stjörnu 18 vetra rauðri | 49,11 stig. |
| 4. Þór Jónsteinsson á Ljóska 5 vetra leirljósri      | 47,40 stig. |
| 5. Þorsteinn Egilson á Rökkva 9 vetra brúnum         | 45,60 stig. |

### Gæðingaskeið:

- |   |             |
|---|-------------|
| 1. Þór Jónsteinsson á Sindra 14 vetra rauðblesóttum | 89,00 stig. |
| 2. Stefán Agnarsson á Gæa 8 vetra rauðum            | 61,50 stig. |
| 3. Birgir Stefánsson á Orku 13 vetra rauðblesóttir  | 50,50 stig. |
| 4. Þorsteinn Egilson á Spönn 6vetra jarpri          | 26,00 stig. |
| 5. Águst Ásgrimsson á Kólfi 16 vetra brúnum         | 18,50 stig. |

Tölt barna:

- |  |             |
|--|-------------|
| 1. Þorgils Magnússon á Sóma 7 vетра brúnum                 | 48,50 stig. |
| 2. Hafþór M. Sólmundsson á Molly 9 vетра brúnni            | 43,00 stig. |
| 3. Anna Sonja Ágústsdóttir á Pontu 7 vетра brúnstjörnóttri | 41,00 stig. |

Tölt unglings:

- |  |             |
|--|-------------|
| 1. Erna Sigurgeirs dóttir á Sleggju 8 vетра grárri     | 47,50 stig. |
| 2. Halldóra Magnúsdóttir á Magna 8 vетра rauðblesóttum | 44,00 stig. |
| 3. Ásta Hrönn Harðardóttir á Sörladís 12 vетра brúnni  | 40,00 stig. |

Tölt ungmenna:

- |  |             |
|--|-------------|
| 1. Þórhallur Þorvaldsson á Indjána 12 vетра rauðskjóttum | 62,00 stig. |
| 2. Hákon B. Harðarson á Örvari 9vetra brúnskjóttum       | 51,50 stig. |

Tölt fullorðinna:

- |  |             |
|--|-------------|
| 1. Þór Jónsteinsson á Gullinstjörnu 10 vетра brúnni    | 82,80 stig. |
| 2. Birgir Stefánsson á Mátti 7 vетра rauðum            | 75,30 stig. |
| 3. Stefán Agnarsson á Skagfirðingi 6 vетра brúnum      | 74,60 stig. |
| 4. Jónsteinn Aðalsteinsson á Þyt 9 vетра rauðblesóttum | 73,50 stig. |
| 5. Magni Kjartansson á Létti 8 vетра jörpum            | 69,60 stig. |

## Gæðingamót og úrtaka fyrir landsmót.

Gæðingakeppni Funa og úrtaka fyrir landsmót verður haldin á Melgerðismelum laugardaginn 20 júní 1998.

Keppnisgreinar:

A-flokkur gæðinga, B-flokkur gæðinga, ungmannaflokkur, unglingsflokkur og barnaflokkur.

150 m. skeið, 250 m. skeið og 300 m. stökk.

Mótið hefst kl. 10.00 á B-flokki gæðinga.

Skráning er í Hestasporti. Síðasti skráningardagur er þriðjudagurinn 16 júní og lýkur skráningu kl. 16.00.

Mótanefnd Funa.

# LÖG HESTAMANNAFÉLAGSINS FUNA.

## 1. grein.

Félagið heitir hestamannafélagið Funi og er aðili í U.M.S.E. Starfssvæði félagsins er Eyjafjarðarsveit. Heimili þess og varnarþing er sama og formanns hverju sinni.

## 2. grein.

Markmið félagsins er að iðka hestaþróttir, almenna útvist og þjálfun með tilliti til sérhæfni íslenska hestsins.

Markmiði sínu hyggst félagið ná með því meðal annars að:

- a) gangast fyrir kennslu og þjálfun fyrir knapa og hesta,
- b) efna til sýninga og keppni hverskonar,
- c) efla alhliða áhuga félagsmanna og almennings fyrir hestamennsku með fræðslu og upplýsingastarfsemi,
- d) stuðla að bættri aðstöðu til iðkunar almennrar hestamennsku.

## 3. grein.

Félagsmaður getur hver sá orðið, sem hlýtur samþykki stjórnar. Ágreining um inngöngu getur hver og einn boríð undir aðalfund. Unglingar innan 16 ára hafa ekki kosningarrétt, enda greiði þeir ekki fullt árgjald.

## 4. grein.

Árgjald félagsmanna skal ákveðið fyrir hvert starfsár á aðalfundi. Gjalddagi þess skal vera 1. mars og eindagi þess 15. apríl. Séu félagsmenn ekki skuldausir við félagið á eindaga, missa þeir öll félagsleg réttindi í féluginu, þar með talið keppnisrétt, þar til skuldin er að fullu greidd. Félagsmenn sem ekki hafa greitt sitt árgjald um áramót, verða sjálfkrafa strikaðir út af félagaskrá.

Fyrir alvarleg brot gegn lögum félagsins er stjórn heimilt að víkja mönnum úr féluginu. Brottviknum félaga er heimilt að áfrýja máli sínu til aðalfundar.

## 5. grein.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

## 6. grein.

Stjórn félagsins skipa fimm menn, formaður, ritari, gjaldkeri og tveir meðstjórnendur. Formann, ritara og gjaldkera skal kjósa sérstaklega hvern fyrir sig, að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Varamenn skulu vera tveir. Allir stjórnarmenn, aðalmenn og varamenn skulu kosnir skriflega og til tveggja ára í senn.

Formaður þarf að ná þriðjung greiddra atkvæða, ef ekki skal kosið aftur um þá two, sem efstir voru að atkvæðum. Ávallt skal kjósa skriflega í stjórn, þó menn gefi kost á sér til endurkjörs. Kjósa skal two skoðendur reikninga þriðja hvert ár. Formaður skal sjálfkjörinn fulltrúi á ársþing L.H. Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundi og hafa þar málfrelsi og tillögurétt. Komi til atkvæðagreiðslu í fjarveru aðalmanna, taka varamenn sæti í aðalstjórn í samræmi við atkvæðafjölda.

## 7. grein.

Eftirtaldar fastanefndir og ráð eru í féluginu: mótanefnd, barna og unglingsaráð, skemmtinefnd, reiðveganefnd, ferðanefnd og fræðslunefnd. Þrjár fyrst töldu nefndirnar eru skipaðar fimm mönnum, en hinir þremur. Stjórnin skipar einn mann í hverja nefnd en hinir eru kosnir til tveggja ára í senn á aðalfundi. Gefi nefndarmaður kost á sér til endurkjörs, og ekkert mótframboð kemur þarf ekki að kjósa og situr hann þá til eins árs í senn. Fulltrúar stjórnar í nefndum, skulu kalla nefndir saman innan tveggja vikna frá aðalfundi, að öðru leyti skipta nefndarmenn með sér verkum.

## 8. grein.

Aðalfund skal halda eigi síðar en í febrúar ár hvert. Boða skal til aðalfundar í fjölmíðlum með minnst viku fyrirvara og er fundurinn lögmætur, sé löglega til hans boðað.

Störf aðalfundar eru:

- a) Skýrsla stjórnar.
- b) Afgreiðsla reikninga.
- c) Lagabreytingar ef einhverjar eru.
- d) Gerð starfsáætlun fyrir næsta ár.
- e) Tekin ákvörðun um árgjald.
- f) Kosningar.
- g) Önnur mál.

## 9. grein.

Formaður boðar stjórnarfundi eins oft og þurfa þykir og stjórnar þeim. Skylt er honum einnig að boða stjórnarfundi, ef þrír stjórnarmenn óska þess. Stjórnarfundir eru lögmætir ef minnst þrír stjórnarmenn eru mættir á fund. Stjórn félagsins boðar félagsfundi eins oft og þurfa þykir eða ef 10 félagsmenn, hið minnsta æskja þess og tilgreina skriflega fundarefní. Félagsfundur er lögmætur ef 10 félagsmenn sitja hann.

### 10. grein.

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundi, enda sæki hann 1/5 hluti atkvæðisbærra félagsmanna hið minnsta og 2/3 fundarmanna samþykki breytinguna. Lagabreytingar sem félagsmenn óska eftir að bornar verði upp á aðalfundi, skulu sendar félagsstjórn fyrir 31. desember fyrir aðalfund. Ber stjórn að gera grein fyrir slíkum tillögum í fundarboði til aðalfundar. Sama gildir um lagabreytingar sem stjórnin kann að eiga frumkvæði að.

### 11. grein.

Félagið er eignaraðili að Melgerðismelum og ber stjórn félagsins að skipa tvo menn og einn til vara í stjórn Melgerðismela.

### 12. grein.

Tillögur um félagsslit skulu sæta sömu meðferð og lagabreytingar. Komi til þess að félagið verði leyst upp skulu eignir þess vera í vörlu Eyjafjarðarsveitar og ráðstafar sveitarstjórn eigum í sem bestu samræmi við þann tilgang sem félagini var settur í upphafi. Það telst ekki upplausn þótt félagið sameinist öðru hliðstæðu félagi eða félögum. Ráðstöfunarréttur á fjáreiðum félagsins kemur ekki til framkvæmda fyrr en að minnst tveimur árum liðnum frá upplausn félagsins.


Samþykkt á aðalfundi í febrúar 1996.  
Breytt á aðalfundi í febrúar 1998.



### MESSUREIÐ.

Ákveðið hefur verið að fresta árlegri messureið um óákveðinn tíma vegna annríkis við undirbúning á landsmóti.

Stjórn Funa.



### Létt grín.

Ungur maður hafði opnað eigið fyrirtæki. Hann leigði sér fallegt skrifstofuhúsnaði og raðaði inn gömlum munum. Þar sem hann sat í stólnum sínum, sá hann mann koma inn um dyrnar. Hann vildi virðast upptekinn, greip símann og byrjaði að tala. Hann nefndi háar fjárhæðir, verðbréf og erlenda banka, leit svo upp og spurði gestinn: "Hvað get ég gert fyrir þig?" Hinn svaraði: Ég er nú bara kominn til að tengja símann."

# LANDSMÓT HESTAMANNA 1998.

Framkvæmdastjórn Landsmóts 1998 og stjórn LH hafa ákveðið eftirsarandi lágmörk og þátttokurétt varðandi gæðingakeppnir, kappreiðar, töltkeppni og ræktunarþússýningar og skráningargjöld í beinu framhaldi af samþykkt Landsþings á Egilsstöðum sl. haust. Innifalið í skráningargjaldi er beit í almennum girðingum keppnishrossa, en einnig er hægt að fá leigð sérstök hólf ef menn vilja vera út af fyrir sig. Þau hólf verða menn að girða með rafmagni og gera ráð fyrir að þurfa að bryンna þeim hrossum sérstaklega.

## Gæðingakeppnir.

Hvert hestamannafélag hefur rétt á að senda eitt hross í A og B-flokk gæðinga, barnaflokk, unglingsflokk og ungmannaflokk fyrir hverja 125 félaga eða brot úr þeirri tölvi. 126-250 félagar gefa two hesta í hverja grein o.s.frv. Einnig skal skrá varahesta. Keppt verður eftir gildandi reglum LH og koma 10 efstu hestar til úrslita en 20 efstu hestar komast í milliriðla. Skráningargjald fyrir hvern hest í A og B-flokki er kr. 2.000 en í hinum flokkunum þremur kr. 1.000.

## Töltkeppni.

Þáttakandi þarf að hafa náð að lágmarki 85 punktum í tölti á viðurkenndu móti á árinu 1997 eða 1998 og skal staðfesting á því fylgja með skráningu. Skráningargjald er kr. 3.000 fyrir hverja skráningu og er viðkomandi hestamannafélag ábyrgt fyrir skráningargjöldum og greiðast þau um leið og skráning fer fram.

## Kappreiðar.

Kept verður í eftirtöldum greinum, lágmarkstímar standa fyrir aftan en þeir skulu hafa náðst á árinu 1997 eða 1998 og skal staðfesting á árangri fylgja skráningu.

	Lágmarkstími	1. verðl.	2. verðl.	3. verðl.
150 m. skeið	16,5 sek.	60.000	30.000	15.000
250 m. skeið	24,5 sek.	80.000	40.000	20.000
300 m. stökk	23,5 sek.	40.000	20.000	10.000

Skráningargjald er kr. 2.000 fyrir hverja skráningu og skal það greiðast um leið og skráning fer fram, annars er hún ekki tekin gild.

## Ræktunarþú.

Gefinn er kostur á ræktunarþússýningum á föstudag og laugardag á mjög góðum tíma í dagskránni og verður dregið úr skráningum um það á hvaða degi búin koma fram. Skilyrði fyrir þáttöku eru þau að viðkomandi hross séu fædd hjá sama eiganda. Fjöldi hrossa skal vera fæst 5 og flest 6. Þátttokugjald er kr. 35.000 fyrir hvert bú og greiðist við skráningu. Skrá má two varahesta. Forföll skráðra hesta á Landsmóti skulu staðfest af dýralækni. Snyrtilegur klæðnaður er áskilinn. Verði mjög mikil skráning áskilur mótsstjórnin sér rétt til að forskoða hópana og velja úr þeim. Tekið skal fram að ekki verður um neina keppni að ræða í þessum flokki, heldur aðeins sýningu. Áætlað pláss á hvert ræktunarþú i sýningarskrá er allt að 1 blaðsíða. Þar getur ræktandi látið koma fram upplýsingar um ræktun sína í stuttu máli, logo (ef það er til), upplýsingar um ferðaþjónustu, sumarhús, veiðar og annað það er tengist viðkomandi búi. Viðkomandi ræktunarþú ræður uppsetningu sinnar sýningar og má leggja fram

spólu með tali og tónum á meðan á kynningu stendur. Þeim aðilum sem taka þátt í ræktunarbússýningunni verður einnig gefinn kostur á að kynna ræktun sína sérstaklega í sýningarbás eða tjaldi, t.d. með dreifingu bæklinga eða mynda.

Bent skal á að lyfjapróf verða framkvæmd samkvæmt lögum LH. Tekið skal fram að neysla áfengis er bönnuð meðan á keppni og/eða sýningum stendur. Leiki minnsti grunur á sliku verður viðkomandi vísað frá keppni umsvifalaust.

Hvetjum við alla hestamenn til að standa saman og senda fullskipað lið til keppni á Landsmótíð á Melgerðismelum 1998 og sýnum með því samtakamátt okkar og gerum mótið að þeirri hátið hestamanna sem það á að vera.

Með bestu kveðjum

F.h. framkvæmdastjórnar Landsmóts 1998.

Jón Ólafur Sigfusson.

# #

Reiðnámskeið fyrir byrjendur.

Ákveðið hefur verið að halda reiðnámskeið fyrir byrjendur í ágúst en ekki í júní eins og tíðkast hefur undanfarin ár. Er þetta tilkomið vegna þess að nú stendur yfir lokaundirbúningur fyrir landsmót og var því ákveðið að bíða með þetta námskeið þangað til um hægist að nýju.

Barna og ungingaráð Funa.

# #

**Félagsheimili Funa.**

Hér með tilkynnist að Anna Kristín hefur verið fengin til að hafa umsjón með félagsheimili Funa og annast útleigu á því. Hún veitir allar nánari upplýsingar og tekur við pöntunum í síma 462-4916.

Stjórn Funa.